



Mennta- og barnamálaráðuneyti  
Sölvhólsgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 11. september 2023

### **Efni: Umsögn um áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008**

Samiðn- samband iðnfélaga gerir eftirfarandi umsögn vegna áforma um breytingu á lögum um framhaldsskóla:

Samiðn fagnar áherslu stjórnvalda á eflingu verk- og starfsnáms en með breytingu mennta- og menningamálaráðherra á reglugerð um vinnustaðanám (nr. 180/2021) sem gerð var í ágúst 2021 var stigið skref til auka aðgengi að vinnustaðanámi. Nægileg reynsla er hins vegar ekki komin á reglugerðina til þess fara í breytingar á núverandi vinnustaðanámskerfi.

Það er jákvætt að fyrirhuguð áform lúti m.a. að því að endurskoða ákvæði laganna til að efla forvarnir og viðbrögð við ofbeldi og aðlaga þau betur að þeim veruleika sem nemendur og starfsfólk skólanna standa frammi fyrir þegar ofbeldismál koma upp í framhaldsskólum. Þá er einnig jákvætt ef áformin verða til þess að auka aðgengi 18 ára og eldri að iðnnámi.

Í fyrirleggjandi áformum er tilgreint sérstaklega að *„jafnframt er tilefni til að skoða hvort ástæða sé til að gera frekari breytingu á ákvæðum laga um framhaldsskóla sem tengjast vinnustaðanámi, einkum vegna tilkomu rafrænnar ferilbókar og fyrirkomulags sveinsprófa.“*

Samiðn hafnar alfarið þessari óljósu framsetningu og telur nauðsynlegt að samráð sé haft við hagsmunaaðila þegar áform um svo veigamiklar breytingar eru ræddar og telur að sama skapi að það sé á forræði meistara sem taka nemendur á námssamninga, að ákvarða um hæfnikröfur verknáms. Að mati Samiðnar á það að vera hlutverk atvinnulífsins að ákvarða hæfnikröfur verknáms en ekki Menntamálastofnunar eins og gert er í reglugerð um vinnustaðanám.

Virðingarfyllst  
f.h. Samiðnar

Hilmar Harðarson,  
formaður Samiðnar